

379. fundur.

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 7. október 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður
Eyþór Benediktsson,
Guðmundur Kristinsson,
Óli Jón Gunnarsson, bærarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Formaður setti fund og fól bærarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Hafnarnefnd, dags. 4.10.2004.
Fundargerð framlögð, liður 1 og 4 samþykktir, þar með samþykkt að auglýsa starf hafnarvarðar, fundargerð að öðru leyti samþykkt.
 - 1.2. Safna og menningarmálanefnd, dags. 29.4,15.9. og 29.9.2004.
Fundargerðir framlagðar.
 - 1.3. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 27.9.2004.
Fundargerð framlögð og samþykkt.
 - 1.4. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 6.10.2004.
Fundargerð lögð fram. Liðir 1,3,4 og 8-14 samþykktir. Liður 1 skipulags og byggingafullrúa falið að vinna deiluskipulag af svæðinu. Liður 7 er vísað til frekari skoðun í bærarstjórn. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
 - 1.5. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 6.10.2004.
Fundargerð framlögð, liður 2 samþykktur, liður 5 verði skoðaður nánar af byggingafulltrúa, bæjarráð leggur til að 3. liður verði skoðaður nánar í bærarstjórn og fundargerð að öðru leyti samþykkt.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. 7. og 8. fundur LN og FÍN, dags. 25.3. og 29.9.2004.
 - 2.2. 19. fundur LN og LSS, dags. 1.10.2004.
Fundargerðir framlagðar.
3. Lóðarumsókn.
Samþykkt að veita Elínu Maríu Þorvarðardóttur íbúðarhúsalóðina að Hjallatanga 15.
4. Umsókn um lóð undir verslun og veitingar, Þorgrímur Kristinsson.
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur skipulags- og byggingafullrúa að deiluskipuleggja svæðið.
5. Fróðleikspunktur 05.
Framlagt.
6. Fundarboð samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og tillag að lagabreytingum.
Fundarboð framlagt, en fundurinn verður í Stykkishólmi 21. október n.k. og mun bæjarráð sækja fundinn.
7. Fundarboð- 18 landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. nóv. n.k.
Fundarboð framlagt, en bæjastjóri og Davíð Sveinsson munu sækja þennan fund.

8. Bréf fulltrúa Sýslumanns Snæfellinga, dags. 30.09.'04.
Bæjarráð mælir með veitingu leyfisins.
9. Bréf foreldrafélags leikskólans dags. 30.09.'04.
**Það hefur ekki verið athugað að hafa vöggustofu í nýja leikskólanum.
Bæjarstjóri falið að ræða við bréfitara.**
10. Bréf útgerðarfélagsins Sæfells hf. dags. 3.10.'04.
Framlagt.
11. Bréf Aftanskins, félags eldri borgara í Stykkishólmi ódags.
Bæjarráð samþykkir styrk að upphæð kr. 25.000 og erindinu vísað til fjárhagsáætlunar næsta árs.
12. Bréf bæjarstjórans í Grundarfirði dags. 21.09.'04.
Samningar Stykkishólmsbæjar við Íslenska Gámafélagið rennur út 1. nóvember 2005. Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna samstarf í sorpmálum við Grundarfjörð og Snæfellsbæ.
13. Þjónusta gámastöðvarinnar "Snoppu."
Bæjarráð samþykkir breyttan opnunartíma á gámastöðinni Snoppu frá og með 1. nóvember n.k. Opnunartími verður þannig: mánudaga til föstudaga opið frá kl:16-18 og laugardagar frá kl. 11-14. Bæjarritara falið að ganga frá samningi um þessa breytingu við Íslenska Gámafélagið.
14. Árshátið starfsmanna Stykkishólmsbæjar.
Ákveðið hefur verið að árshátiðin verði laugardaginn 30. október n.k. í Félagsheimilinu.
15. Erindi Snæfells vegna lyftingaraðstöðu.
Erindi framlagt og bæjarstjóra falið að ræða við formann Snæfells.
16. Reglugerð um kattahald í Stykkishólmi.
Tillögu að breytingum að drögum að reglugerð um kattahald í Stykkishólmi framlagðar og vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.
17. Gjaldskrá um búfjárefirlit í Stykkishólmi.
Bæjarráð samþykkir að gjaldskrá sé unnin og lögð fyrir bæjarstjórn.
18. Bréf frá nefnd um sameiningu sveitarfélaga.
Bréf nefndarinnar lagt fram. Gögnin send til bæjarfulltrúa.
19. Áheyrnafulltrúi í æskulýðs- og íþróttanefnd.
Bæjarráð leggur til að skoðað verði að Snæfell hafi áheyrnarfulltrúa í æskulýðs- og íþróttanefnd.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:07.

Þór Örn Jónsson bæjarritari